

7 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Halldóru Björns-
26. jan. dóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 26. jan. 1956.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Halldóru Björnsdóttur.

Sjóðurinn er stofnaður 10. desember 1955 með tíu þúsund króna gjöf frá eftirlifandi eiginmanni Halldóru heit. Björnsdóttur, Kristmundi Guðmundssyni, sonum þeirra hjóna, Úlfari og Birni, og nánnum vinum fjölskyldunnar.

Frú Halldóra Björnsdóttir var fædd 10. desember 1905 og lézt 22. janúar 1951.

Hún var meðstofnandi og annar af framkvæmdastjórum Nærfataverksmiðjunnar Lillu h.f. í Reykjavík, og átti sæti í stjórn Félags Íslenskra iðnrekenda í 4 ár, árin 1947—1950.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Halldóru Björnsdóttur.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10000.00, en tekjur sjóðsins eru áheit og gjafir, sem honum kunna að áskotnast, og vextir af höfuðstól, eins og hann er á hverjum tíma.

3. gr.

Stofnfjárhöfuðstólinn, kr. 10000.00, má aldrei skerða, en verja skal tekjum sjóðsins til þess að styrkja efnilegt fólk til náms erlendis í greinum, er snerta verksmiðjuíðnað.

4. gr.

Stjórn Félags Íslenskra iðnrekenda skal hafa á hendi stjórn sjóðsins. Hún ákveður, hve miklu fé skal verja úr sjóðnum, þó með þeirri takmörkun, er leiðir af 3. gr., og hverjir skuli hljóta styrkinn. Stjórnin semur árlega reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins og skal hann endurskoðaður af kjörnum endurskoðendum Félags ísl. iðnrekenda og birtur félagsmönnum með reikningum félagsins á aðalfundi þess.

5. gr.

Allt reiðufé sjóðsins skal ávaxtað í Iðnaðarbanka Íslands h.f.

6. gr.

Skipulagsskrá þessi skal staðfest af forseta Íslands.

Reykjavík, 10. desember 1955.

F. h. stofnenda

Kristmundur Guðmundsson.